

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, GunnB, JóhS, LB, SF, JGunn).

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Við 3. mgr. 84. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið setur reglur um útreikning á eiginfjárlutfalli fyrir fjármálasamsteypur sem byggjast á tilskipun ráðsins 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu.

2. Við 9. gr.

a. 1. mgr. a-liðar (98. gr.) orðist svo:

Með endurskipulagningu fjárhags lánastofnana er átt við ráðstafanir sem ætlað er að viðhalda fjárhagslegri stöðu lánastofnunar eða koma henni í eðlilegt horf og gætu haft áhrif á áður fengin réttindi þriðja aðila, þ.m.t. ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum. Sé lánastofnun með höfuðstöðvar á Íslandi er með endurskipulagningu fjárhags átt við heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

b. Á eftir h-lið 2. mgr. b-liðar (99. gr.) komi fimm nýir stafliðir, svohljóðandi:

i. Um fullnustu eignarréttinda, þ.m.t. veðréttinda yfir fjármálagerningum, sem eru rafrænt skráð fer eftir lögum þess ríkis þar sem skráningin fer fram.

j. Samningur um skuldajöfnuð fer eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gilda.

k. Endurkaupasamningur fer eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gilda, sbr. þó ákvæði i-liðar.

l. Viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði skulu fara eftir lögum þess ríkis sem gilda um samninginn um þau viðskipti, sbr. þó ákvæði i-liðar.

m. Um greiðslu- og uppgjörsfyrirmæli í greiðslu- og uppgjörskerfum fer eftir lögum þess ríkis sem gilda um viðkomandi kerfi.

3. Við b-lið 11. gr. (105. gr.).

a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Með slitum á lánastofnunum samkvæmt þessari grein er átt við sameiginlega málsmeðferð sem stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hefja og hafa eftirlit með og hefur að markmiði að selja eignir undir eftirliti þessara yfirvalda.

b. 3. mgr. orðist svo:

Nú er sett fram krafa um gjaldþrotaskipti á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., vegna útibús sem lánastofnun með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins starfrækir hér á landi og skal héraðsdómari þá gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um kröfuna. Ef viðkomandi lánastofnun starfrækir útibú í öðrum ríkjum

á Evrópska efnahagssvæðinu skal Fjármálaeftirlitið tilkynna eftirlitsstjórnvöldum í þeim ríkjum um kröfuna.

4. Við 18. gr. Í stað orðanna „ákvæði 2. mgr.“ í d-lið komi: ákvæði þessarar málsgreinar.